



MENNTASKÓLINN
VIÐ SUND

Stuðningur við nemendur með lestrar- og stærðfræðierfiðleika

Skýrsla um þróunarverkefni skólaárið 2005 - 2006

**Hjördís Þorgeirsdóttir, konrektor
Menntaskólinn við Sund
September 2006**

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Samantekt	3
Inngangur	4
Markmið	4
Tilgangur	4
Markmið nemenda	5
Lýsing á framkvæmd	5
Niðurstöður verkefnisins	6
Náðust markmiðin?	6
Framhald verkefnisins	7
Mat á verkefninu	7
Viðhorf starfsmanna og nemenda – umsagnir þátttakenda	7
Mat á framkvæmda- og kostnaðaráætlun	8
Lokaorð	9
Heimildaskrá	10
Fylgiskjal 1: Námslýsing Námsaðferðir 1	12
Fylgiskjal 2: Kennsluáætlun Námsaðferðir 1	13
Fylgiskjal 3: Matsblað nemenda á Námsaðferðum 1	14

Samantekt

Á haustönn 2004 var haldinn fræðslufundur um dyslexíu í MS sem varð kveikjan að því að gera átak í að bæta þjónustu við nemendur með lestrar- og stærðfræðierfiðleika í MS sem er þróunarverkefnið sem lýst er í þessari skýrslu.

Tilgangurinn er að efla þjónustu við nemendur með lestrarerfiðleika enn frekar í MS því við teljum að þessi hópur geti náð mun betri námsárangri og liðið betur með aukinni þjónustu og stuðningi. Einnig viljum við auka stuðning við nemendur með stærðfræðierfiðleika en sá hópur hefur ekki fengið mikla þjónustu.

Tveir verkefnisstjórar voru ráðnir frá 1. ágúst 2005 til að undirbúa og kenna sérstakan námsáfanga, Námsaðferðir 1 (NAM3v3) fyrir nemendur með lestrar- og stærðfræðierfiðleika. Þeir veittu nemendum einnig einstaklingsráðgjöf og unnu með einstökum kennurum að því að finna úrræði fyrir nemendur með lestrar- og stærðfræðierfiðleika. Áfanginn Námsaðferðir er kenndur þrjár kennslustundir á viku allan veturinn og fá nemendur hann metinn sem þriggja eininga valgrein. Tveir hópar stunduðu nám í námsaðferðum í vetur, samtals 33 nemendur á 2. til 4. námsári.

Í áfanganum er meðal annars fjallað um hugtökin dyslexíu og dyscalculus, námsaðferðir og skipulag náms, minnisþjálfun og hugkortagerð, tímastjórnun, fjölgreindir, hraðlestur, styrkleika nemenda með dyslexíu og dyscalculus, sjálfstæði og frumkvæði, slökun og prófkvíða og námsaðferðir einstakra nemenda. Áhersla er lögð á að nota fjölbreyttar kennsluáðferðir í anda fjölgreindarkenningarinnar og fjölbreytt verkefni til að höfða til mismunandi þarfa nemenda. Í áfanganum er símat sem byggist á mati á ferilmöppu sem hver nemandi vinnur. Í ferilmöppuna er safnað saman ýmsu efni um dyslexíu og dyscalculus, glósum og verkefnum sem unnin eru um efnið. Einnig er mæting nemenda í kennslustundir og viðtöl metin, sem og virkni og þátttaka nemenda í kennslustundum og öðru starfi í námsaðferðum.

Það er mat okkar sem höfum komið að verkefninu að það gefi mjög góða raun. Þetta rýfur einangrun þessa nemendahóps og er viðurkenning á vandamáli þeirra. Það verður til þess að efla sjálfstraust þeirra, bæta líðan þeirra í skólanum og námið í námsaðferðum hjálpar þeim einnig til að takast betur á við nám sitt. Þetta eru nemendur einnig sammála okkur um eins og kom fram í skriflegu mati þeirra á Námsaðferðum. Margir nemendur bentu einnig á að þeir hefðu lært mikið um lesblindu, orsakir hennar og hvernig hún birtist á mismunandi hátt hjá einstaklingum. Nemendur voru allir sammála um að bjóða ætti áfram upp á nám í Námsaðferðum. En það má þróa áfangann og bæta. Auka þarf umfjöllun um discalculus í Námsaðferðum, fara mætti í ferðalag með nemendur í upphafi haustannar, fá mætti fleiri gestafyrirlesara, auka mætti einstaklingshjálp, kenna nemendum að bæta skrift sína, tala jákvætt um lesblindu og hjálpa við ritverkefni, hafa tímana styttri og oftar í viku, auka verklega þáttinn og áherslu á minnisþáttinn.

Ákveðið hefur verið að bjóða áfram upp á Námsaðferðir 1 áfram. Jákvæð viðbrögð starfsmanna og nemenda MS við Námsaðferðum 1 og ráðgjöf frá Sveinbjörgu Sveinbjörnsdóttur og Elínu Vilhelmsdóttur við FÁ leiddi til þess að ákveðið var að sækja um framhaldsþróunarstyrk til menntamálaráðuneytisins. Styrkurinn fékkst sem við erum ákaflega þakklát fyrir og næsta skólaár verður því mótaður nýr áfangi þ.e. Námsaðferðir 2. Hugmyndin er að bjóða upp á framhaldsáfangi í námsaðferðum (NA24v3) með undanfara Námsaðferðir 1 (NAM3v3).

Inngangur

Að jafnaði stundar nokkuð stór hópur sem er að glíma við lestrarerfiðleika nám við MS. Á undanförunum árum hafa milli 70 og 80 nemendur með greiningu um lestrarerfiðleika verið skráðir hjá námsráðgjöfum. Við höfum veitt þeim ýmsa þjónustu, aðallega á prófatíma eins og lögð er áhersla á í Aðalnámskrá framhaldsskóla að gert sé.¹ En það hefur einnig verið boðið upp á stoðkennslu í íslensku, ensku og stærðfræði í formi 10 - 12 tíma námskeiða á nokkrum vikum á kennslutíma á haustönn og vorönn. Einnig hafa námsráðgjafar veitt nemendum einstaklingsþjónustu bæði á kennslutíma og á prófatíma. Ef grunur vaknar um lestrarerfiðleika hvetja námsráðgjafar nemendur til að fara í greiningu til taugasálfræðinga og lestrarsérfræðinga. Námsráðgjafar hvetja nemendur með lestrarerfiðleika til að sækja sér þjónustu hjá Blindrabókasafni þegar greining liggur fyrir. Þeir upplýsa kennara um hvaða nemendur glíma við lestrarerfiðleika. Á prófatíma hefur verið reynt að koma til móts við þennan hóp nemenda t.d. með próftöku í sérstofum, lengri próftíma, prófum á snældum, stækkuðum prófum, prófum á lituðum pappír og próftöku á tölvum.

Skólaárið 2004-2005 var töluvert rætt um það í kennarahópnum að kennarar upplifðu ákveðið óöryggi um hvernig þeir gætu komið til móts við þarfir nemenda með lestrarerfiðleika og að þá skorti þekkingu á dyslexíu og dyscalculus. Ákveðið var að fá Sveinbjörgu Sveinbjörnsdóttur íslenskukennara við FÁ og Ásgeir Guðjónsson eðlisfræðikennara við MS til að halda fræðsluerindi um þetta málefni fyrir starfsmenn MS. Þar fjallaði Ásgeir um hugtakið lesblindu og áhrif hennar á sjálfsmynd og nám einstaklinga.² Sveinbjörg kynnti þá þjónustu sem veitt er við FÁ fyrir nemendur með lestrarerfiðleika³. Þessi fræðslufundur varð kveikjan að því að bjóða upp á kennslu í áfanganum Námsaðferðum við MS. Ákveðið var að sækja um styrk úr þróunarsjóði framhaldsskólanna hjá menntamálaráðuneytinu til að sinna því verkefni sem og að vinna að því að bæta skimun á nemendum með lestrar- og stærðfræðierfiðleika. Betri skimun er nauðsyn því alls ekki allir nemendur með greiningu tilkynna það til skólans og ekki hafa allir nemendur farið í greiningu sem þurfa á því að halda. Hér er staðan varðandi nemendur með stærðfræðierfiðleika mun verri en nemendur með lestrarerfiðleika að mati okkar í MS.

Markmið

Tilgangur

Tilgangurinn er að efla þjónustu við nemendur með lestrarerfiðleika enn frekar í MS því við teljum að þessi hópur gæti náð mun betri námsárangri og liðið betur með aukinni þjónustu og stuðningi. Einnig viljum við auka stuðning við nemendur með stærðfræðierfiðleika en sá hópur hefur ekki fengið mikla þjónustu.

Helstu markmiðin með stuðningi við nemendur með lestrar- og stærðfræðierfiðleika eru eftirfarandi:

- Auka þjónustu við nemendur í MS með lestrar- og stærðfræðierfiðleika

¹ Aðalnámskrá framhaldsskóla. Almennur hluti. 2004: 34.

² Ásgeir Guðjónsson. 2004.

³ Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir. 2004.

- Auka þekkingu og skilning starfsmanna og nemenda í MS á málefnum nemenda með lestrar- og stærðfræðierfiðleika
- Auka skimun á nemendum MS með lestrar- og stærðfræðierfiðleika
- Bæta námsárangur nemenda í MS með lestrar- og stærðfræðierfiðleika
- Auka virðisauka menntunar í MS

Markmið nemenda

Gagnvart nemendum eru markmiðin sett fram á eftirfarandi hátt í námslýsingu fyrir áfangann: „Tilgangurinn er að efla sjálfstaust nemenda, auka vellíðan og bæta námsaðferðir og námsárangur þeirra.

Nemendur

- þekki til skilgreininga og helstu kenninga um dyslexíu og dyscalculus
- geti útskýrt ýmsar aðferðir við minnistækni
- þekki til hugkortagerðar og geti beitt henni í námi
- þekki fjölgreindarkenninguna og geti beitt henni í sjálfsmati
- geri sér grein fyrir ólíkri tækni við hraðlestur
- þekki og geti beitt slökunaraðferðum
- geri sér grein fyrir eigin námsaðferðum. “⁴

Lýsing á framkvæmd

Skólaárið 2005 – 2006 var unnið að því að byggja upp sérstaka þjónustu við nemendur með greiningu um lestrar- og stærðfræðierfiðleika. Tveir verkefnisstjórar voru ráðnir frá 1. ágúst 2005, þeir Ásgeir Guðjónsson kennari í eðlisfræði og Hannes Hilmarsson kennari í stærðfræði til að undirbúa og kenna sérstakan námsáfang, Námsaðferðir 1 (NAM3v3) fyrir nemendur með lestrar- og stærðfræðierfiðleika. Þeir veittu nemendum einnig einstaklingsráðgjöf og unnu með einstökum kennurum að því að finna úrræði fyrir nemendur með lestrar- og stærðfræðierfiðleika.

Kynningarbréf var sent til allra nemenda í MS með greiningu um lestrar- og stærðfræðierfiðleika þar sem þeim var boðið að skrá sig í Námsaðferðir og 37 nemendur svöruðu bréfinu og skráðu sig í áfangann.

Áfanginn Námsaðferðir er kenndur þrjár kennslustundir á viku allan veturinn, sjá námslýsingu í fylgiskjali 1 og kennsluáætlun í fylgiskjali 2. Tveir hópar stunduðu nám í námsaðferðum í vetur, samtals 33 nemendur á 2. til 4. námsári. Þeir fá áfangann metinn sem þriggja eininga valgrein.

Í námsáfanganum er meðal annars fjallað um hugtökin dyslexíu og dyscalculus, námsaðferðir og skipulag náms, minnisþjálfun og hugkortagerð, tímastjórnun, fjölgreindir, hraðlestur, styrkleika nemenda með dyslexíu og dyscalculus, sjálfstæði og frumkvæði, slökun og prófkvíða og námsaðferðir einstakra nemenda (kennari og nemandi).

Áhersla er lögð á að nota fjölbreyttar kennsluaðferðir í anda fjölgreindarkenningarinnar⁵ og fjölbreytt verkefni gerð til að höfða til mismunandi þarfa nemenda.⁶

⁴ Námslýsing Námsaðferðir I 2005.

⁵ Thomas Armstrong 2001.

⁶ Anna Sigurðardóttir, Björg Birgisdóttir og Sigríður Hulda Jónsdóttir 2004.

Nemendur unnu bæði einstaklings- og hópverkefni, farið var í vettvangsferðir í Hraðlestraraskólann og Blindrabókasafnið og kennarar voru gestafyrirlesarar hjá hvor öðrum og fengu námsráðgjafa MS sem gestafyrirlesara um prófkvíða.

Á vorönn tók MS þátt í þróunarverkefni um heimanámskerfið Nemanet sem Ásta K. Ragnarsdóttir námsráðgjafi stýrði og tóku kennarar og nemendur í báðum hópum í Námsaðferðum þátt í því verkefni. Nemanet er kerfi á Netinu sem veitir nemendum aðhald og stuðning í heimanámi og býr yfir lausnum sem efla einbeitingu við lestur og þjálfu minni. Nemanet veitir nemendum hvatningu á tveimur sviðum þ.e. við lestur námsbóka og skipulagningu heimanáms.⁷ Nemanet er heildstætt námskerfi á Netinu sem byggir á lestrarlíkaninu Lærum að nema sem sett er fram af Ástu K. Ragnarsdóttur í samnefndri bók Lærum að nema.⁸

Í áfanganum er símat sem byggist á mati á ferilmöppu sem hver nemandi vinnur. Í ferilmöppuna er safnað saman ýmsu efni um dyslexíu og dyscalculus, glósum og verkefnum sem unnin eru um efnið. Einnig er mæting nemenda í kennslustundir og viðtöl metin, sem og virkni og þátttaka nemenda í kennslustundum og öðru starfi í námsaðferðum.⁹

Kennararnir, námsráðgjafar og umsjónarmenn verkefnisins í MS héldu fjóra fundi um þróunarverkefnið og höfðu samráð þess á milli. Elín Vilhelmsdóttir og Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir við Fjölbrautaskólann við Ármúla veittu faglega ráðgjöf en þær hafa byggt upp þjónustu við nemendur með lestrarerfiðleika við þann skóla og eru að vinna að upplýsingavef um dyslexíu.¹⁰

Áhersla hefur verið lögð á að finna fjölbreyttar heimildir um dyslexíu og dyscalculus bæði fyrir kennara og nemendur t.d. fræðibækur um dyslexíu¹¹ og bækur sem nýtast nemendum t.d. enskar orðabækur með stækkuðu letri og Lestu betur.

Kennararnir kynntu þróunarverkefnið á kennarafundi í MS þann 24. maí 2006.

Niðurstöður verkefnisins

Náðust markmiðin?

Markmiðið að auka þjónustu við nemendur með lestrar- og stærðfræðierfiðleika náðist tvímælalaust. Mjög erfitt er að meta áhrif Námsaðferða almennt á námsárangur nemenda út frá einkunnum þeirra en upplifun nemendanna er sú að þetta hjálpi þeim að bæta árangur sinn (sbr. umsagnir þátttakenda). Markmiðið að bæta skimun nemenda með lestrar- og stærðfræðierfiðleika náðist ekki. Starfsmenn MS eru nú meðvitaðri um tilvist nemenda með lestrar- og stærðfræðierfiðleika en meiri áherslu þarf að leggja á að finna úrræði fyrir þessa nemendur í samvinnu við einstaka kennara.

37 nemendur voru skráðir í Námsaðferðir í upphafi haustannar 2005, fjórir nemendur hættu en 33 luku náminu vorið 2006. Námsárangur þeirra var mjög góður í Námsaðferðum, meðaleinkunn var 8,5, 9% með einkunn 7, 33% með einkunn 8 og 58% með einkunn 9.

⁷ Ásta K. Ragnarsdóttir. 2006


⁸ Ásta K. Ragnarsdóttir. 2004

⁹ Kennsluáætlun Námsaðferðir I. 2005

¹⁰ Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir. 2006

¹¹ Davis, Ronald D. 2003; Ryden, Michael 1992; Selikowitz, Mark: 1994.

Einkunnadreifing Námsaðferðir I vorið 2006



Framhald verkefnisins

Ákveðið hefur verið að bjóða áfram upp á Námsaðferðir 1 fyrir nemendur í 2. – 4. bekk. Jákvað viðbrögð starfsmanna og nemenda MS við Námsaðferðum 1 og ráðgjöf frá Sveinbjörgu Sveinbjörnsdóttur og Elínu Vilhelmsdóttur við FÁ leiddi til þess að ákveðið var að sækja um framhaldspróunarstyrk til menntamálaráðuneytisins. Styrkurinn fékkst og næsta skólaár verður því mótaður nýr áfangi þ.e. Námsaðferðir 2. Hugmyndin er að bjóða upp á framhaldsáfanga í námsaðferðum (NA24v3) með undanfara Námsaðferðir 1 (NAM3v3).

Við viljum einnig bjóða nýnemum með greiningu um lestrar- og stærðfræðierfiðleika upp á námskeið í upphafi skólaársins. Ennfremur viljum við bæta skimun okkar á nemendum með lestrar- og stærðfræðierfiðleika á 1. námsári í MS, bjóða upp á hraðlestrarnámskeið, fara með nemendahópinn í ferðalag og vinna áfram að því að auka þekkingu og skilning kennara MS á dyslexíu og dyscalculus.

Haldið verður áfram þátttöku í þróunarverkefni um heimanámskerfið Nemanet sem Ásta K. Ragnarsdóttir stýrir og verður nemendum í Námsaðferðum 1 og 2 boðin þátttaka í því á haustönn 2006.

Mat á verkefninu

Viðhorf starfsmanna og nemenda – umsagnir þátttakenda

Mat fór fram með þrennum hætti, nemendur fylltu út matsblað sjá fylgiskjal 3, umsjónarmenn og kennarar ræddu við nemendur í eina kennslustund í hvorum hóp í lok vorannar og umsjónarmenn, kennarar og námsráðgjafar héldu matsfund í vor.

Það er mat okkar sem höfum komið að verkefninu að það gefi mjög góða raun. Þetta rýfur einangrun þessa nemendahóps og er viðurkenning á vandamáli þeirra. Það verður til þess að efla sjálfstraust þeirra, bæta líðan þeirra í skólanum og námið í námsaðferðum hjálpar þeim einnig til að takast betur á við nám sitt. Okkur hefur ekki tekist í vetur að vinna nægilega mikið í því að bæta skimun á nemendum með lestrar- og stærðfræðierfiðleika en unnið hefur verið að þýðingu á greiningarprófi í

dyscalculus. Auka þarf áherslu á umfjöllun um dyscalculus í Námsaðferðum. Ýmislegt fleira kemur til greina t.d. mætti bjóða upp á hraðlestarnámskeið í MS, fara mætti í ferðalag með nemendur í upphafi haustannar til að efla og styrkja hópinn, fá mætti fleiri gestafyrirlesara t. d. frá samtökum um lesblindu og fólki með reynslusögur.

Bæði í skriflegum svörum sínum og á fundum okkar með nemendum voru nemendur mjög jákvæðir gagnvart náminu í Námsaðferðum og gátu bent á marga kosti og ýmislegt sem þeir höfðu lært í þessu námi. Flestir nefndu bætt skipulag náms, nýjar námsaðferðir, tímastjórnun og slökun sbr. eftirfarandi svör nemenda: „Mér finnst þetta mjög gott því þetta getur komið manni að góðum notum hvernig maður skipuleggur námið sitt, hvernig maður lærir undir próf o.s.frv.“ og „Maður lærir margar og fjölbreyttar námsaðferðir eins og hvernig er best að læra, glósa og lesa sem er einmitt það sem ég þarf að tileinka mér betur og hvernig maður nýtir tímann best að læra.“ „Tímastjórn og nýjar leiðir til þess að skipuleggja lærdóm minn.“ Margir bentu einnig á að þeir hefðu lært mikið um lesblindu, orsakir hennar og hvernig hún birtist á mismunandi hátt hjá einstaklingum t.d. „(ég hef) lært mikið um dixlexíu, heimanám og mikið um að læra elska sjálfan sig.“ „Að lesblindan lýsir sér öðruvísi í hverjum einstakling.“ „Einnig bentu nokkrir nemendur á áfangann sem slíkan, kennarana og óhefðbundnar kennsluaðferðir t.d. „Það eru margir kostir, þar eru aðrir með sömu vandamál og þú sjálfur og þetta námskeið einblínir á erfiðleikana sína. Einnig voru einkafundir þar sem maður kom með hugmyndir til að hjálpa sér og öðrum sem kennarinn tók fyrir.“ „Lærir mikið, góður andi í bekknum og góður kennari.“

Nemendurnir voru sammála um að bjóða ætti upp á Námsaðferðir aftur og allir nema 3 töldu líklegt að þeir vildu fara í framhaldsáfangi í Námsaðferðum. Nemendur nefndu mun færri ókosti við námið en kosti. Nokkrir nefndu tímasetningu kennslustundanna sbr. „Á röngum tíma dags. Þegar við komumst loks í tímann þá er liðið svo langt á daginn að allir eru orðnir þreyttir“ og „Hann virtist alltaf vera tímasettur þegar það var gott veður úti.“ Einn nefndi að það mætti kafa dýpra í efnið og einn nefndi að það væri of lítið sem hann lærði yfir veturinn.

Nemendur voru beðnir um að benda á breytingar sem væri hægt að gera til að bæta áfangann Námsaðferðir. Þar bentu nemendur t.d. á að auka mætti einstaklingshjálpa, kenna nemendum að bæta skrift sína, tala jákvætt um lesblindu og hjálpa við ritverkefni, hafa tímana styttri og oftari í viku, auka verklega þáttinn og áherslu á minnisþáttinn.

Að lokum voru nemendur spurðir um álit á þeirri þjónustu sem skólinn veitir nemendum með lestrar- og stærðfræðierfiðleika. Flestir voru mjög ánægðir og bentu þar sérstaklega á þjónustu á prófatíma. Nemendur komu með ábendingar um það sem má bæta t. d. bjóða upp á fleiri aukatíma, skriftarnámskeið, meiri þjónustu einstakra fagkennara og lengri próftíma í skyndiprófum sbr. „Hún er bara nokkuð góð, lítið hægt að bæta við hana, nema þá að oft finnst mér að kennararnir mínir í faggreinum viti ekki að ég sé lesblindur. Mér finnst að þeir ættu að afla sér upplýsingar um mann.“ og „Ánægð með lengri tíma í vor og haustprófum en óánægð með að ekki sé gefin lengri tími í mánaðarprófum fyrir þá nemendur.“

Mat á framkvæmda- og kostnaðaráætlun

Framkvæmdaáætlun stóðst varðandi undirbúning og þróun námsáfangans Námsaðferðir 1. Kynningarbréf var sent út í júní 2005. Námslýsing og kennsluáætlun var gerð í ágúst 2005. Áfanginn var síðan þróaður allt skólaárið og ýmislegt efni og verkefni útbúin jafnt og þétt allan veturinn. Ekki tókst að bæta skimunarferlið í 1. bekk

eins og til stóð og enn má bæta þjónustu við kennara varðandi úrræði fyrir einstaka nemendur.

Kostnaðaráætlun var endurskoðuð í ljósi þess styrks sem fékkst frá menntamálaráðuneytinu en sótt var um styrk að upphæð 1.842.920 kr. en styrkur fékkst að upphæð 350.000 kr.

Áætlun um nýtingu 350.000 kr. þróunarstyrks frá menntamálaráðuneytinu:

	Fjöldi	Tímakaup	Fjöldi tíma	Upphæð
Greiðslur vegna vinnu verkefnisstjóra	2	3.624	36	260.928
Fundir með námsráðgjöfum	2	3.624	6	43.488
Fagleg sérfræðiaðstoð	1	5.000	10	50.000
Samtals:				354.416

Lokaorð

Það er álit okkar í MS að vel hafi gengið að undirbúa og þróa áfangann Námsaðferðir í MS á síðasta skólaári og við teljum að með því höfum við stigið stórt skref í þá átt að bæta líðan og námsárangur nemenda með greiningu um lestrar- og stærðfræðierfiðleika í MS. Á næsta skólaári munum við halda áfram að þróa Námsaðferðir 1 út frá reynslu okkar í vetur og gagnlegum ábendingum frá nemendum. Einnig munum við undirbúa og koma á laggirnar framhaldsáfangi Námsaðferðum 2 með áherslu á einstaklingsmiðað nám, halda námskeið fyrir nýnema með greiningu um lestrar- og stærðfræðierfiðleika og vinna að því að bæta skimun nemenda með lestrar- og stærðfræðierfiðleika í MS. Við þökkum menntamálaráðuneytinu kærlega fyrir stuðning við þetta verkefni okkar. Hann er ákaflega mikilvægur, bæði faglega sem hvatning til að vinna vel að þessu máli og fjárhagslega því ekkert aukafjármagn fylgir nemendum með lestrar- og stærðfræðierfiðleika frá menntamálaráðuneytinu.

Virðingarfyllt.

Hjördís Þorgeirsdóttir

Heimildaskrá

- Aðalnámskrá framhaldsskóla. Almennur hluti. 2004. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.
- Anna Sigurðardóttir, Björg Birgisdóttir og Sigríður Hulda Jónsdóttir: 2004. *Watch. Handbook for Facilitators when Assisting Learners in Groups*. Höfundar, Reykjavík.
- Armstrong, Thomas: 2001. *Fjölgreindir í skólastofunni*. 2. útgáfa. Erla Kristjánsdóttir þýddi og staðfærði. JPV útgáfa, Reykjavík.
- Ásgeir Guðjónsson: 2004. „Lesblinda.“ Erindi á fræðslufundi starfsmanna í MS 27. október.
- Ásgeir Guðjónsson og Hannes Hilmarsson: 2006. „Námsaðferðir.“ Erindi haldið á kennarafundi MS 24. maí.
- Ásta Ragnarsdóttir: „Nemanet.“ 2006. Erindi haldið á kennarafundi í MS. 4. janúar.
- Ásta Ragnarsdóttir: 2004. *Lærum að nema. Árangursríkar námsaðferðir*. Mál og menning, Reykjavík.
- Davis, Ronald D.: 2003. *Náðargáfan lesblinda. Hvernig Davis-kerfið virkjar snilligáfu sem býr að baki námsörðugleikum*. Reykjavík, Lesblind.com.
- Fjölur Ásbjörnsson og Guðni Kolbeinsson: 1999. *Lestu betur*. Iðnú, Reykjavík.
- Kennsluáætlun Námsaðferðir 1. 2005. Menntaskólinn við Sund, Reykjavík.
- Matsblöð nemenda í Námsaðferðum 1. 2006. Menntaskólinn við Sund, Reykjavík.
- Námslýsing Námsaðferðir 1. 2005. Menntaskólinn við Sund, Reykjavík.
- Ryden, Michael: 1992. *Dyslexia. How would I cope?*. London, Kingsley.
- Selikowitz, Mark: 1994. *Dyslexia and other learning difficulties. The facts*. Oxford, OUP.
- Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir: 2004. „Stuðningskerfi FÁ vegna nemenda með dyslexíu.“ Erindi á fræðslufundi starfsmanna í MS 27. október.
- Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir: 2006. *Upplýsingavefur um dyslexíu*. Fjölbrautaskólinn við Ármúla, Reykjavík. <http://www2.f.a.is/~sveinbjorg/setur1/index.html> [Sótt 24. júní 2006.]

Fylgiskjal 1: Námslýsing Námsaðferðir 1

Námslýsing fyrir Ratsjá, skólanámskrá Menntaskólans við Sund

Námsaðferðir NAM3v3

(Á sér ekki samsvörun í Aðalnámskrá framhaldsskóla)

Námslýsing

Námið er fyrir nemendur með lestrar- og stærðfræðierfiðleika (dyslexíu og dyscalculus). Námið er metið sem þriggja eininga valgrein fyrir nemendur í 2. til 4. bekk. Í námsáfanganum er m.a. fjallað um:

- námsaðferðir og skipulag náms
- minnisþjálfun og hugkortagerð
- fjölgreindir
- hraðlestur
- styrkleika nemenda með dyslexíu og dyscalculus
- sjálfstæði og frumkvæði
- slökun og prófkvíða
- námsaðferðir einstakra nemenda (kennari og nemandi)

Markmið

Tilgangurinn er að efla sjálfstaust nemenda, auka vellíðan og bæta námsaðferðir og námsárangur þeirra.

Nemendur

- þekki til skilgreininga og helstu kenninga um dyslexíu og dyscalculus
- geti útskýrt ýmsar aðferðir við minnistækni
- þekki til hugkortagerðar og geti beitt henni í námi
- þekki fjölgreindarkenninguna og geti beitt henni í sjálfsmati
- geri sér grein fyrir ólíkri tækni við hraðlestur
- þekki og geti beitt slökunaraðferðum
- geri sér grein fyrir eigin námsaðferðum

Námsmat

Námsmat er símat sem byggist á mati á ferilmöppu sem hver nemandi vinnur. Í ferilmöppunni er safnað saman ýmsu efni um dyslexíu og dyscalculus, glósum og verkefnum sem unnin eru um efnið. Einnig er mæting nemenda í kennslustundir og viðtöl metin sem og virkni og þátttaka nemenda í kennslustundum og öðru starfi í námsaðferðum.

Fylgiskjal 2: Kennsluáætlun Námsaðferðir 1

Kennsluáætlun í Námsaðferðum (NAM3v3)

Námsmarkmið: Að vera vettvangur og stuðningur við nemendur í námi.

Námsgögn: Efni í ferilmöppu.

Námsþættir: Lagt verður jöfnum höndum áherslu á eftirfarandi þætti:

- Lestrarnám
- Ritgerða- og verkefnavinna
- Skipulag náms
- Minnisþjálfun
- Próftækni
- Styrkleika nemenda með dyslexíu og dyscalcula
- Frumkvæði
- Sjálfstæði

Kennslufyrirkomulag: Unnið verður m.a. í hópi, hópum, með einstaklingsaðstoð, vettvangsferðir, jafningjafræðslu og gestafyrirlesara.

Námsmat: Ferilmappa (40%), sjálfsmat (20%), jafningjamat (20%) og mæting (20%).

Kennarar:

Ásgeir Guðjónsson asgeir@msund.is

Hannes Hilmarsson hannesh@msund.is

Ekki er hægt að stunda nám í Námsaðferðum án skólasóknar

Fylgiskjal 3: Matsblað nemenda á Námsaðferðum 1



Mat á valgreininni námsaðferðum 2005 - 2006

Spurningar til nemenda:

1. Hverjir eru helstu kostir við það að vera í valgreininni námsaðferðum?

2. Hvað hefur þú lært af þessari vinnu?

3. Telur þú að við eigum að bjóða aftur upp á námsaðferðir á næsta skólaári? _____

4. Myndir þú vilja fara í framhaldsáfangi í námsaðferðum á næsta skólaári? _____

5. Hverjir eru helstu ókostir við valgreinina námsaðferðir?

6. Hvaða breytingar væri hægt að gera á valgreininni til að bæta hana?

7. Hvað finnst þér almennt um þá þjónustu sem skólinn veitir nemendum með lestrar- og stærðfræðierfiðleika?

8. Annað sem þú vilt koma á framfæri?

Takk fyrir þátttökuna

